

Stefna Félagsvísindasviðs (FVS) í jafnréttismálum ásamt starfsáætlun

Grundvöllur

Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum í stefnu Háskóla Íslands. Samkvæmt Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023¹ er mismunun á grundvelli kyns, kyngeris, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar óheimil innan Háskóla Íslands.

Stefna Félagsvísindasviðs (FVS) ásamt starfsáætlun byggist á Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands grundvallast á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands byggist á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna; lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna; lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og tekur mið af ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks og lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði.

Umfang

Stefna FVS nær til alls starfsfólks, nemenda, og annarra sem tengjast starfsemi þess. Hver einstaklingur er metinn á eigin forsendum. Allir einstaklingar sem áætlunin nær til leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir mismunun og að skapa háskólasamfélag sem einkennist af virðingu, skilningi og umburðarlyndi. Áætlunin inniheldur markmið og aðgerðir til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið, ásamt starfsáætlun² og orðskýringum.

Starfsáætlun og ábyrgð

Forseti Félagsvísindasviðs ber ábyrgð á stefnu FVS ásamt starfsáætlun sé framfylgt og viðhaldið.

Jafnréttisnefnd er skipuð með erindisbréfi af forseta Félagsvísindasviðs í samráði við forseta deilda og fundar reglulega. Í jafnréttisnefnd sitja fulltrúar frá hverri deild ásamt fulltrúa stjórnsýslu. Auk þeirra eiga nemendur fulltrúa í nefndinni. Jafnréttisnefnd starfar í umboði forseta Félagsvísindasviðs.

Helstu verkefni jafnréttisnefndar eru:

- Að tryggja framgang stefnu og starfsáætlunar í jafnréttismálum, fylgja eftir verkefnum og meta árangur af aðgerðum.
- Að vinna að stefnumörkun í jafnréttismálum, undirbúa reglulega endurskoðun starfsáætlunar í jafnréttismálum og jafnréttisstefnunnar með hliðsjón af hlutverki og stefnu Félagsvísindasviðs og Háskóla Íslands, ákvæðum jafnréttislaga og reynslu og árangri Félagsvísindasviðs.
- Að veita starfsfólki og nemendum upplýsingar um jafnréttismál.

¹ https://www.hi.is/sites/default/files/sveinng/jafnrettisaaetlun_haskola_islands_-_loka.21.6.21.pdf þar sem fram kemur að hvert fræðasviðanna fimm, svo og miðlæg stjórnsýsla, skulu setja sér aðgerðaáætlun um jafnréttismál sem byggir á jafnréttisáætlun þessari. Forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri og sviðsstjórar miðlægrar stjórnsýslu bera ábyrgð á að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunarinnar sé framfylgt innan starfssviðs hvers og eins.

² Með jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs fylgir sundurliðuð starfsáætlun sem jafnréttisnefnd yfirfer árlega og uppfærir eftir þörfum ásamt orðskýringum. Sjá viðauka I og II.

Markmið og aðgerðir

Helstu verkefni jafnréttisnefndar FVS eru í tölusettri uppröðun í samræmi við aðgerðaáætlun Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2021-2023 eftirfarandi:

2.9. Að nemendur og starfsfólk fái fræðslu um jafnréttismál, m.a. örارةitni (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020, 7. gr. laga nr. 86/2018, og lög nr. 59/1992 um réttindi fatlaðs fólks)

2.9.1

- Aðgerð: Fræðsla, m.a. verkefni fyrir nema og starfsfólk um jafnréttismál í víðum skilningi, þ.á.m. um örارةitni sem t.d. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk verður fyrir.
- Ábyrgð: Forsetar fræðasviða, í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviða.
- Verklok: Á hverju haustmisseri.

2.10. Að starfsfólk og stjórnendur fái reglulega fræðslu um jafnréttismál (sbr. 30. grein laga nr. 150/2020 og 7. grein laga nr. 86/2018).

2.10.1

- Aðgerð: Fræðsla um jafnréttismál fléttuð inn í fræðsludagskrá Mannauðssviðs.
- Ábyrgð: Mannauðssvið og mannauðsstjórar sviða í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviða og jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnsýslu.
- Verklok: Vormisseri 2021 og svo reglulega eftir það.

2.10.2

- Aðgerð: Fræðsla m.a. með verkefni fyrir starfsfólk og stjórnendur um jafnréttisstefnu og jafnréttismál, m.a. aðgengismál, samþættingu jafnréttissjónarmiða með tilliti til kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, menningar, uppruna og fötlunar.
- Ábyrgð: Mannauðssvið og mannauðsstjórar sviða í samstarfi við jafnréttisnefndir fræðasviða og jafnréttisnefnd miðlægrar stjórnsýslu.
- Verklok: Vormisseri 2021 og svo reglulega eftir það.

4.1. Að jafnréttisáætlun HÍ sé fylgt eftir með fullnægjandi hætti.

4.1.1

- Aðgerð: Jafnréttisnefndir/-fulltrúi fræðasviða og stjórnsýslu fylgi jafnréttisáætlun HÍ eftir með því að setja sviðinu/stjórnsýslu aðgerðaáætlun sem tekur mið af jafnréttisáætlun HÍ.
- Ábyrgð: Jafnréttisnefndir fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu.
- Verklok: Haustmisseri 2021.

4.1.2

- Aðgerð: Jafnréttisnefndir/-fulltrúi fræðasviða fundi a.m.k. árlega með sviðsstjórn, þar sem gerð er grein fyrir starfinu og rætt um þörf á aðkomu og stuðningi stjórnenda við einstakar aðgerðir.
- Ábyrgð: Jafnréttisnefndir fræðasviða.
- Verklok: Árlega.

Önnur verkefni sem Jafnréttisnefnd FVS vill leggja áherslu á eru eftirfarandi:

Verkefni 1 Stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks

- Aðgerðir eru með eftirfarandi hætti:
 - Upplýsingamiðlun fyrir starfsfólk um réttindi fatlaðs fólks og misrétti.
 - Að hlutast til um að náms- og starfsráðgjöf upplýsi kennara um mikilvægi þess að fylgja samningum um sérúrræði nemenda og leitast við að mæta nemendum með sérþarfir.
 - Að vekja athygli á mikilvægi algildrar hönnunar þar sem lögð er áhersla á að kennslurými, fyrirkomulag náms og kennsluhættir gagnist sem flestum.
 - Að taka tillit til ólíkra þarfa starfsfólks og nemenda við skipulag, kynningu og framkvæmd opinberra viðburða og funda á vegum FVS.
 - Að hlutast til um að upplýsingar um nám á vegum FVS séu aðgengilegar lesvélum.
- Ábyrgð: Jafnréttisnefnd FVS
- Verklök: Vormisseri 2023.

Verkefni 2 Vekja athygli á ósamræmi og kerfislegri ósanngirni í uppgjöri kennslu og rannsókna milli ólíkra sviða/deilda innan HÍ.

- Aðgerðir eru með eftirfarandi hætti
 - Óska eftir samráði við nýskipaða nefnd um samræmingu uppgjors kennslu sbr. fundargerð háskólaráðs 7. júní 2022.
 - Óskað eftir samráði við þá sem vinna að endurskoðun vinnumatskerfis.
- Ábyrgð: Jafnréttisnefnd FVS.
- Verklök: Haustmisseri 2023

Verkefni 3 Vekja athygli á forvörnum sem snúa að samskiptavanda, einelti, öraráreiti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni

- Aðgerðir eru með eftirfarandi hætti:
 - Stuðla að upplýsingamiðlun um verklagsreglur og aðgerðaáætlun FVS um viðbrögð við samskiptavanda, ámælisverðri hegðun og einelti á vinnustað.
- Ábyrgð: Jafnréttisnefnd FVS.
- Verklök: Haustmisseri 2023

Viðauki I - starfsáætlun 2022-2024

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
Uppfæra starfsáætlun FVS 2022-2024 í samræmi við breytingar á jafnréttisáætlun Háskóla Íslands	Eftir þörfum	Jafnréttisnefnd
Setja fundargerðir og önnur viðeigandi gögn á innra net FVS.	Viðvarandi	Kynningar-/vefstjóri Jafnréttisfulltrúi stjórnslu FVS
Undirbúa fræðslu um samning um sérúrræði.	Viðvarandi	Jafnréttisnefnd í samvinnu við Náms- og starfsráðgjöf
Þátttaka í móttöku nýnema á FVS og kynna þar nemendafulltrúa jafnréttisnefndar.	Vor / Haust	Jafnréttisnefnd ásamt jafnréttisfulltrúa úr hópi nemenda
Kynna stefnu og starfsáætlun fyrir nýju starfsfólki.	Viðvarandi	Jafnréttisnefnd í samvinnu við mannauðsstjóra FVS
Vekja athygli á kerfislegu ósamræmi í uppgjöri kennslu milli ólíkra sviða/deilda innan HÍ.	Viðvarandi	Jafnréttisnefnd í samvinnu við forseta Félagsvísindasviðs
Eftirfylgni með aðbúnaði og þjónustu með sérstöku tilliti til fatlaðra nemenda.	Viðvarandi	Jafnréttisnefnd Kennslustjóri FVS
Efla samstarf við kennara sem veita möguleika á nemenda- verkefnum sem geta nýst jafnréttisnefnd til að afla upplýsinga fyrir störf nefndarinnar, s.s. í námskeiðinu "Hagnýting jafnréttisfræða"	Árlega	Jafnréttisnefnd Jafnréttisfulltrúi Umsjónarkennari námskeiðs

Viðauki II – Orðskýringar

1. Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi (1. gr. laga nr. 62/2014).

2. Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg (1. gr. laga nr. 62/2014).

3. Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi (1. gr. laga nr. 62/2014).

4. Klámvæðing merkir að sífellt er daðrað við tákmyndir og tilvísanir kláms í dægurefni þannig að mörkum hins „eðlilega“ og leyfilega er stöðugt ögrað og þau víkkuð út. Andstaða gegn klámi og klámvæðingu byggist ekki á andstöðu við nekt og kynlíf heldur þá mynd af kynverund kvenna og karla sem þar er dregin upp og gjarnan byggist á ofbeldi, hlutgervingu og valdatengslum. Þessi þróun teygir anga sína inn í skólakerfið, félagslíf nemenda og tómstundaviðburði. Háskólasamfélagið er hér ekki undanskilið (Jafnréttisstofa, e.d.).

5. Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir (3. gr. reglugerðar nr. 1009 frá 4. nóvember 2015).

6. Í 2. mgr. 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir: Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Í formála kemur fram: Ríkin, sem eiga aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks viðurkenna að hugtakið fötlun þróast og að fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Í 4. mgr. 3. gr. segir enn fremur: Í samningnum er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni. Sjá <http://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html>

7. Þegar rætt er um aðgengi fyrir fatlað fólk er vísað til eftirfarandi:

- Aðgengi að mannvirkjum er mikilvægt og við skipulag bygginga og þjónustu er nauðsynlegt að réttur fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu sé virtur og að tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa þeirra.
- Aðgengi að upplýsingum og samskiptum er mikilvæg forsenda þess að fatlaður einstaklingur geti verið raunverulegur þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi. Að hafa aðgengi að upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að mynda sér sjálfstæða skoðun og taka ákvarðanir byggðar á þeim skoðunum (Mannréttindaskrifstofa, e.d.)

8. Í kynjasambættingu felst að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

9. Mismunun er þegar einstaklingur sem tilheyrir tilteknum hópi fær óhagstæðari meðferð en einstaklingur af öðrum hópi fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður eða þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur verr við einstakling vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna borið saman við annan einstakling nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði eru viðeigandi og nauðsynlegar.

10. Kynjasjónarmið eru höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárlagaferilsins (eða áætlunargerðar) og tekjur og útgjöld endurskoðuð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna, með því að gera ráð fyrir þörfum og forgangsmálum (ólíkra hópa) kvenna og karla, með ólík hlutverk þeirra á heimili, vinnustað og í samfélaginu í huga (Jafnréttisstofa, e.d.).

11. Algildir kennsluhættir byggja á eftirfarandi skilgreiningu úr 2. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: „algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlna og þjónustu, sem allir geta nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. „Algild hönnun“ útilokar ekki hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf. <http://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html>

Reykjavík, 9. júní 2022
f.h. jafnréttisnefndar FVS 2022-2024
Ragna Kemp Haraldsdóttir